

MINNISBLAÐ „OPNI SKÓLINN“ HEILLASPOR



HVER ER HUGMYNDIN OG FERLIÐ

Viðauki

Minnisblað viðauki

Í þessu stutta minnisblaði vil ég fara yfir nokkra þætti sem nýtt fólk hefur spurt um tengt þróunarverkefninu um Opna skólann. Í fyrri minnisblöðum um verkefnið (<https://www.grundaskoli.is/opni-skolinn>) hefur verið farið ítarlega yfir hugmyndina og ferlið. Flestir eru búnir að átta sig á heildarmyndinni og vinnu skólafólks á liðnum árum. Öll teymi vinna nú taktfast að sama markmiði. Í stórum skóla er hins vegar alltaf eitthvað um mannaskipti bæði í starfsmannahópnum og í skólasamfélaginu almennt. Ferlið hefur staðið yfir í nokkurn tíma og því ekki óeðlilegt að einhverjar upplýsingar gleymist eða fari forgörðum þegar nýtt fólk kemur inn í starfsmannahópinn.

Orðanotkun og samlíkingar

Til upprifjunar og upplýsingar þá líkum við heildarverkefninu við „heillaspor fyrir skólann.“ Í byrjun þessa áratugar greindust umfangsmiklar skemmdir á skólahúsnæði Grundaskóla þannig að á tveimur árum misstum við út 2/3 hluta húsnæðisins. Um tíma starfaði skólinn á átta stöðum um allan bæ. Á sama tíma skall Covid á þannig að á þessum árum var mjög erfitt ástand. Skólastjórnendur ákváðu þá að ráðast í stórt þróunarverkefni sem daglega er nefnt „Opni skólinn - heillaspor.“ Þróunarverkefninu var skipt upp í þrjá verkþætti sem nefnast inngangur, flugtak og flug. Um þetta er m.a. fjallað í fyrri hluta minnisblaðs frá skólastjóra og nær yfir árin 2020-2024. Nafnagift er samlíking við flugrekstur og hvað þarf að gera áður en flugvél tekur á loft á ný.

Í seinna minnisblaði skólastjóra er fjallað um verkefni og vinnu skólasamfélags Grundaskóla frá 2024 og til 2026 og lengur. Við erum að móta skólastarf í stórum skóla til framtíðar og því má segja að engin ein verklok séu mótuð í þróunarverkefninu. Þessi verkhluti gengur undir nafninu Flug. Í upphafi var þó horft til endurmats á ferlinu í lok skólaárs 2026.

Nýtt fólk áttar sig kannski allt á nafnagift og samlíkingum sem við notum í fyrirlestrum og umræðum. Sem fyrr er vísað í heildarhugmyndina um „flug“ og er nöfnunum ætlað að auðvelda öllum í skólasamfélaginu til að skilja við hvað er átt og hvar við erum stödd á hverjum tíma.

Opni skólinn snýst í raun um kjarna skólastarfsins. Það er gott að hugsa grunngildi skólans og skoða skólamerkið í þessu samhengi.

Skólamerkinu er ætlað að fanga sömu sjónarmið. Lögun greina í merkinu er **g** og **s** sem vísar í nafn skólans. Myndin markar einng tré eða plöntu. Tilvísunin er annars vegar að hér eru nemendur sem eru að vaxa og þroskast. **Hlutverk skólans er að styðja við nám og þroska hvers barns.** Hins vegar er tilvísun í skólahverfi Grundaskóla sem ber nöfn trjátegunda eða tilvísun í náttúruna sbr. Bjarkagrund, Víðigrund, Grenigrund, Lundahverfi, Skógahverfi o.s.frv. **Það sem sameinar hér er hugmyndafræðilega sýn á stöðu barnsins og hlutverk skólans gagnvart því.**

Hér á eftir er farið yfir nokkur algeng hugtök í þróunarverkefninu og við hvað er átt.

Flugstjórar/flugumferðarstjórar

Þegar rætt er um flugstjóra/flugumferðarstjórar er átt við utanaðkomandi ráðgjafa sem aðstoða okkur í verkefninu. Um er að ræða sérmenntað fólk með mikla reynslu í kennslufræðum og tengt menntavísindum almennt. Umræddir flugstjóra/flugumferðarstjórar eru faglegir ráðgjafar og koma að vissu leiti að virku gæðamat innan skólans. Hvað sjá þeir á vettvangi, hvað er vel gert og hvað má bæta eða breyta. Utanaðkomandi sýn skiptir miklu máli og styrkir okkur í vegferðinni um uppbyggingu Opna skólans. Flugstjórum/flugumferðarstjórum er ætlað að styðja við faglegan vöxt, efla starfsöryggi okkar hvetja starfsfólk til dáða við að þróa fjölbreytta kennsluhætti með nemendum.

Verkhættir flugstjóra/flugumferðarstjóra eru mótaðir út frá nokkrum áhersluatriðum:

Aðkoma þeirra byggir á trausti og samstarfi

- Flugstjórar/flugumferðarstjórar koma á vettvang í kennslustofunni og taka þátt í starfinu. Þetta getur verið stutt innlit eða lengri dvöl allt eftir aðstæðum.
- Samskiptin eru jákvæð, uppbyggileg og lausnamiðuð.
- Við erum í raun að fá inn til okkar vinveitta ráðgjafa sem koma til að styðja og styrkja okkur í starfi. Opið og vinsamlegt samstarf milli allra er hornsteinn þeirrar teymishugsunar sem við leggjum áherslu á.

Vinnan miðar að markmiðum Opna skólans

- Ráðgjöfin tekur mið af aðstæðum, nemendahóp og markmiðum viðkomandi teymis. Hvert teymi hefur sett sér starfsmarkmið og gagnlegt er að skoða þau reglulega. Hvar stefnum við t.d. á að vera í maí 2026?
- Opni skólinn tengist okkar eigin starfsaðferðum og einkennum í starfi. Grundaskóli hefur verið endurbyggður og skipulagður til að styðja við ákveðna starfshætti. Áhersla á að prófa aðferðir sem eru framkvæmanlegar í daglegu starfi með öllum nemendum en ekki bara þeim sem hafa verið aðgreindir með einhverjum hætti sbr. greiningar.

Faglegur grunnur leiðsagnaraðila

- Ráðgjöf og aðstoð flugstjóra/flugumferðarstjóra byggir á langri starfsreynslu úr skólakerfinu og rannsóknum í menntavísindum.
- Með faglegri ráðgjöf er átt við umræður við skólafólkið á vettvangi, ábendingar um kennsluaðferðir sem gætu gagnast og bent á verkfæri, efni eða skipulag í raunverulegum kennsluaðstæðum.

Teymisvinna og ígrundun

- Vettvangsathuganir flugstjóra/flugumferðarstjóra kalla á umræður inna teymisins og ígrundun eigin starfshátta. Erum við á réttri leið miða við setta stefnu o.s.frv.
- Hvert teymi leitar alltaf leiða til að efla fagmennsku sína og heimsóknir flugstjóra/flugumferðarstjóra eiga að tengjast beint inni þessa vinnu. Við leggjum meiri áherslu á faglegt samtal en umræðu um einhverskonar eftirlit. Hér er markmiðið að þróa nýja kennsluhætti yfir lengri tíma.

Sveigjanleiki og aðlögun

- Í umræðum okkar og fyrirlestrum um Opna skólann hefur verið rætt um altæka hönnun náms. Að skólaganga hvers barns sé sem ferðalag og fyrir slíkt þarf persónulega ferðaáætlun. Nánar má lesa um hugmyndafræði altækrar hönnunar náms í seinna minniblaðinu þ.e. um flug og flugáætlun skólans.
- Flugstjórar/flugumferðarstjórar hafa kynnt sér stefnu skólans og heildar undirbúning verkefnisins sbr. minnisblöð skólastjóra og efni á fyrirlestrum fyrir bæði foreldra og starfsmenn. Ráðgjöf þeirra tekur mið af þessum þáttum þeim áskorunum sem við stöndum fyrir á hverjum stað eftir aldri nemenda og starfsaðstæðum sbr. eindir, tvenndir og þrenndir.

Valdefling teyma og hvatning á vettvangi

- Vinna og ráðgjöf flugstjóra/flugumferðarstjóra miðast við að auka sjálfstraust kennara og teyma. Leiðbeina í faglegri ígrundun um starfshætti okkar með nemendum og foreldrum. Nám og eitthvað sem við getum kallað náms töfrar gerast nefnilega helst í kennslustofunni í námsvinnu með nemendum.
- Í fyrri minnisblöðum er lögð áhersla á lausnir fremur en vandamál. Hindranir sem koma upp í öllum ferðaáætlunum eða ferðaskipulagi nemenda í gegnum skólakerfið mótast fyrst og fremst af aðstæðum en ekki meintum göllum hjá viðkomandi nemendum.

Millilendingar

Í fyrri skjölum skólastjóra og fyrirlestrum hefur verið rætt um viðburði sem kallaðir hafa verið millilendingar. Hér er átt við skipulagðar málstofur um fagleg málefni í starfinu, fyrirlestra eða jafnvel námskeið fyrir hluta eða allt starfsfólk skólans. Með millilendingum er vísað til þess að við komum saman, ræðum og ígrundum starf okkar. Í raun erum við að fá nýjar hugmyndir, ræða ferlið, fá fræðslu, safna orku og safna vistum áður en við höldum áfram að þróa starfshætti okkar. Skipulag á þessum millilendingum er oftast sett fram af skólastjórnendum en einstök teymi geta einnig átt frumkvæði að slíkum viðburði. Allt starfsfólk skólans getur komið með tillögu að erindum eða námskeiðum. Hvað langar okkur að fræðast betur um, hvaða þarf til að gera starfið betra og ná betri árangri með nemendum okkar.

Í upphafi er sérstaklega horft til millilendinga á skipulagsdögum yfir árið en einnig til styttri fræðsluerinda á kennara- eða deildafundum af og til yfir árið. Fyrirlesarar geta jafnt komið innan okkar starfsheildar sem verið utanaðkomandi. Dæmi um slíka „millilendingu“ eru kynningar á skipulagsdögum nú í ágúst þar sem sagt var frá vel heppnuðum verkefnum stuðningsfulltrúa með nemendum sínum.

Flugáætlun

Með flugáætlun er vísað til skipulags skólastarfsins sem heildar. Skólastjórn hefur sett fram ákveðna starfsáætlun sem mótar ytri ramma miðað við lög og reglugerðir. Flugáætlun skólans inniheldur einnig uppröðun í skólann, áherslu varðandi fjárveitingar o.m.fl. Dæmi um ákvarðanir er tengjast flugáætlun skólans er fjölgun í list- og verkgreinum, uppsetning á betri stofum og opnum kennslusvæðum sem kalla á fjölbreytta kennsluhætti fyrir einstaklinga og hópa.


Ferðaáætlun/ferðaskipulag

Með þessum hugtökum er vísað til persónulegs ferðaskipulags hvers nemanda eða hóps í gegnum skólakerfið. Hver ferðaáætlun tekur mið af áhuga nemenda og styrkleikum. Hvernig getum við hagað ferðalagi í gegnum skólakerfið þannig að það sé bæði skemmtilegt og þroskandi. Allir búa yfir einhverjum hæfileikum og geta lært. Verkefni okkar er að virkja þessa hæfileika og auka námssnilli allra nemenda.

Flugleggur

Í fyrirlestrum hefur hugtakið flugleggur verið notað og vísar þá til ákveðinna áfanga á löngu ferðalagi. Flugleggur getur þannig verið eitt skólaár. Hvað einkennir kennslumarkmið og skipulag í þessum fluglegg. Saman mynda síðan margir flugleggir heildarmyndina yfir skólagöngu hvers barns eða bekkjar í Grundaskóla með vísan í ferðaáætlun hér á undan. Hvert teymi er nú að vinna með markmiðasetningu fyrir sinn fluglegg skólaárið 2025-2026. Við munum á næstu vikum vinna betur með þessar áætlanir sem miðast við uppgjör eða endurmat í maí 2026.

Hér má sjá dæmi um vinnu teyma tengt markmiðasetningu:



Að lokum

Í þessari viku höfum við lagt á ráðin og undirbúið okkur fyrir komandi skólaár. Það er gaman að finna kraftinn og bjartsýnina sem ríkir í skólasamfélaginu. Mikil ánægja ríkir með nýjar kennsluálmur og skólann í heild. Í vígsluhófinu „Loksins“ fögnuðum við því að Grundaskóli væri „lentur.“ Við fögnum einnig frábærri vinnu á liðnum árum þegar allt var í rúst þá vann

starfsfólk og í raun skólasamfélagið allt að nýju starfsskipulagi. Auglýsingaskiltið „Loksins“ hangir í brottfararsal á Keflavíkurflugvelli og vísar til þess að loksins sé runninn upp tími ferðalaga og jafnvel langþráðra drauma. Við leikum okkur með þessa samlíkingu nú í haust. Grundaskóli er klár og lentur eftir miklar framkvæmdir. Við erum að hefja skólastarf í breyttum aðstæðum og tilbúin til að taka til flugs með nemendum okkar og skólasamfélagi. Framundan er vonandi farsælt flug skólans til langrar framtíðar.

Myndir frá samverustund okkar (Loksins) á skipulagsdegi – hóf og skreytingar tengjast þróunarverkefninu um Flug:



TILHAFNIR			
DAGS:	DEILD:	STAÐA:	BREYTING:
2021	YNGSTA STIG	AFLÝST	MIÐSTIG
2021	MIÐSTIG	AFLÝST	PORPIÐ-GARÐAVELLIR
2022	UNGLINGADEILD	AFLÝST	FVA-GARÐAVELLIR-PORPIÐ
2023	LIST OG VERK	AFLÝST	GRUNDASEL
2023	MIÐSTIG	AFLÝST	LENGJAN
2025	GRUNDASKÓLI	LENTUR	
VEÐUR: 160		FÆRÐ: 470	

Við höfum mótaða stefnu um hvert skuli stefnt og hvaða þættir eigi að einkenna alla okkar kennslu- og starfshætti. Nýr Grundaskóli sem skólabýgging klár og tími innri uppbyggingar komin á fulla ferð og í framkvæmd. Að því verkefni ætlum við að einbeita okkur á komandi árum. Ég vil hvetja alla sem þetta lesa að taka þátt í umræðum og engar spurningar eru vitlausar. Stundum hefur nýtt fólk í starfsmannahópnum einmitt komið með bestu spurningarnar sem hafa haft áhrif á starfið í framhaldinu. Saman myndum við sterka liðheild.

Það er fyrir löngu þekkt að allar helstu uppgötvánir mannkyns eiga sér tilvísun í náttúrunni. Allt byggir á svo kölluðum náttúrulögmálum. Því skildi ekki eins með farið með Opna skólann og það sem við köllum persónubundið nám. Ég er að hugsa um að enda þetta minnisblað á tilvísun sem ég las fyrir nokkru um að **lífið sé eins og bergmál.**

„Við fáum það sem við gefum.

Það sem við sendum frá okkur, kemur aftur.

Við uppskerum eins og við sáum.

Uppspera dagsins í dag er afleiðing þess sem við sáðum í fortíðinni.

Ef við viljum uppskera í framtíðinni verðum við að sá fræjum í dag.“

Grundaskóla ágúst 2025

Sigurður Arnar Sigurðsson, skólastjóri.